

HRÍSASKÓGAR FRÍSTUNDBYGGÐ SKILMÁLAR DEILISKIPULAGS:

Land Hríaskóga er um 72 ha. Deiliskipulag þetta nær yfir 24 frístundalóðir og 2 opin leiksvæði, en áætlað er að skipuleggja allt að 70 lóðir í landi Hríaskóga. Stærðir lóðanna eru frá 3000 fm. til 8500 fm. Einnig er vatnsverndarsvæði efst í skipulaginu, um 2 ha. Aðkoma að svæðinu verður frá þjóðvegi 826 norðan við útihúsin að Hrísum og / eða meðfram landamörkum Hríaskóga að norðanverðu.

Á hverri lóð er leyfilegt að byggja eitt hús sem skal vera byggt úr timbri, allt að 80 fm. Húsið skal vera á einni hæð með risi sem má vera nýtanlegt. Þakhalli skal vera 15° til 45°. Aðal mænisstefna skal vera 55° frá norðri sem er sama stefna og er á þeim húsum sem komin eru. Einnig er leyfilegt að byggja aukahús úr timbri allt að 20 fm á einni hæð með risi, þakhalli sá sami 15° til 45°. Gæta skal þess að byggingar falli sem best að umhverfinu. Þök skulu vera rauð, sami litur og á fyrstu húsunum. Nú þegar eru komin hús á 4 lóðir og undirstöður á eina lóð.

Lóðamörk má sýna með hornstaurum, runnum og trjám eftir því sem best fellur að umhverfi. Bannað er að nota vírgirðingar.

Á hverri lóð skulu vera lágmark tvö bílastæði en staðsetning þeirra á uppdrættinum er leiðbeinandi. Ekki skal gróðursetja tré nær götu en 3 m frá lóðamörkum.

Hönnun veitukerfa er ekki lokið. Raflagnir verða ákveðnar í samráði við eigenda dreifikerfis. Allar raflagnir skulu lagðar í jörðu. Vatnsveita er sameiginlegt verkefni eigenda lóða. Vatnsveita á staðnum í dag þjónar allt að 8 lóðum. Gert er ráð fyrir að rotþró sé á hverri lóð en æskilegt er að fleiri sameinist um rotþró ef aðstæður leyfa, nánari staðsetning skal koma fram á teikningum þegar byggt er. Gert er ráð fyrir sorplosun á skipulagssvæðinu sem verði girt af með trjám á snyrtilegan hátt. Sorplosun er á hendi sveitarfélgs.

Gert er ráð fyrir að lóðir verði seldar og stofnað verði hagsmunafélag eigenda sem taki á málum sem ekki heyra undir sveitarfélagið. Reglur sveitafélags um dýrahald í þéttbýli skulu gilda á skipulagssvæðinu.